

**REGLUGERÐ**

183

19. sept.

**um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.**

## 1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt í bæjarsjóð. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0,4%.

## 2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða, þá greiðist skatturinn af notanda.

## 3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því, sem umfram er, skal sleppa. Nái matsverð ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur.

## 4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lögtaki.

## 5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs, nema leigulóðir, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, eiliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, er fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

## 6. gr.

Að öðru leyti fer um skattálagningu þessa samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*